

Mál nr. 10/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Farþegi í bifreið slasaðist þegar bifreið valt þ. 21.8.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.1.2011 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 12.2.2011.

Málsatvik.

Bifreiðin A valt í malarnámu sunnan Dalvíkur. Í lögregluskýrslu segir að greinilegt sé af ummerkjum að dæma að ökumaður hafi verið að leika sér að því að láta A skransa og við það hafi hún oltið. M segir að hann hafi verið farþegi í A og þeir ökumaður og félagi hans hafi farið til að leika sér aðeins þ.e. að láta bifreiðina skransa og í einni beygjunni hafi óhappið orðið. Með sama hætti ber hinn farþeginn í bifreiðinni. M krefst bóta vegna meiðsla sem hann varð fyrir í umrætt sinn og vísar til 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 í því sambandi. Lögmaður M telur ekki koma til greina að skerða bótarétt M og telur hann ekki hafa verið meðvaldan að því slysi sem um ræðir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Bent er á að M hafi hafi bara verið með í umrætt sinn og átti því ekki framgöngu um leikinn. Þá sé ekki hægt að gera farþega ábyrgan fyrir vítaverðum akstri ökumanns. V viðurkennir bótaskyldu, en telur að M eigi að bera 1/3 sakar sbr. heimild í 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M hafi verið þáttakandi í þeirri hegðun sem leiddi til slyssins og um sameiginlegt tiltæki þriggja einstaklinga hafi verið að ræða. M hafi verið vel kunnugt um þá háttsemi sem ökumaður hugðist viðhafa áður en þeir komu að malarnámunni og hafi ekkert gert til að koma í veg fyrir hana enda hafi hann verið henni samþykur.

Álit.

Ekki kemur fram að M hafi á nokkurn hátt beitt sér gegn þeirri háttsemi ökumanns A sem leiddi til slyssins eða verið henni andvígur. M vissi fyrirfram hvað til stóð. M var ljóst eða mátti vera ljóst að mikil áhætta gat fylgt leik eins og hann og félagar hans fóru í með bifreiðina A og þar sem hann gerði ekkert til að sporna við framferði ökumanns og tók sjálfviljugur þátt í leiknum með bifreiðina þykir M hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leiðir til þess að hann ber 1/3 tjóns síns sjálfur sbr. 2.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V en ber 1/3 tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 10.3. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.